

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

#### 1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

Endurvinnslutunnur eru losaðar einu sinni í mánuði og almennt sorp aðra hverja viku.

#### 2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Íbúðir á Grenivík og sveitaheimili kr. 26.000

Sumarbústaðir utan Grenivíkur kr. 10.000

Sorphirðugjald fyrirtækja (þ.m.t. sveitabýla):

Flokkur 1 kr. 18.000

Flokkur 2 kr. 26.000

Flokkur 3 kr. 44.000

Flokkur 4 kr. 74.000

Flokkur 5 kr. 147.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

#### 3. gr.

Gjaldskráin var samþykkt í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps 6. desember 2010.

Gjaldskráin er sett með stoð í 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, sbr. reglugerð um úrgang nr. 805/1999.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Eldri gjaldskrá nr. 323/2005 fellur úr gildi frá sama tíma.

Staðfest í sveitarstjórn Grýtubakkahrepps, 6. desember 2010 og 3. janúar 2011.

*Grenivík, 4. janúar 2011.*

**Guðný Sverrisdóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. febrúar 2011